

**Sb. 163. Tillaga til þingsályktunar**

um hafnarbætur í Hnífsdal í Eyrarhreppi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á komanda sumri lengja bryggjuna í Hnífsdal um ca. 20 metra og skuldbinda ríkissjóð til að bera helming kostnaðarins.

**Greinargerð.**

Á fundi hreppsnefndar Eyrarhrepps 5. febr. s. l. var samþykkt einróma eftirfarandi ályktun:

„Hreppsnefndin samþykkir að beita sér fyrir því, að bryggjan í Hnífsdal verði lengd á komandi sumri, um ca. 20 metra, og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að veita riflegan styrk til framkvæmdanna, og telur sanngjarnt, að ríkissjóður greiði allan aukinn kostnað vegna dýrtíðarinnar, auk venjulegs framlags.“

Viðbótin, sem fyrirhuguð er við bryggjuna nú á sumri komanda, kostar samkv. áætlun vitamálastjóra kr. 120000.00. Hér er ekki farið fram á, að ríkissjóður beri verðhækkun þá, sem styrjöldin veldur, heldur aðeins helming kostnaðarins.

Fyrir málinu verður gerð nánari grein í framsögu.